

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
3. fundur 2017 (68. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 31.03.2017 kl. 10:00 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Steinþór Einarsson	"
Kristinn Halldórsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi
Anna Margrét Tómasdóttir	Mannvirkjastofnun
Glóey Finnsdóttir	Isavia

Sigurður Thoroddsen boðaði förföll.

1. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar – staða mála

Undir þessum lið sat fundinn Glóey Finnsdóttir lögfræðingur Isavia.

Lagt var fram erindi utanríkisráðuneytisins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 09.03.2017, þar sem tilkynnt er að utanríkisráðherra staðfesti hér með að hann staðfesti tillögu að aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 201 – 2030 fyrir öryggissvæði, svæði B, og styðji óbreytta skipulagstillögu fyrir flugvallarsvæðið, svæði A, samanber rökstuðning sem fram kemur fyrir í bréfinu.

Formaður skipulagsnefndarinnar lýsti gangi mála varðandi aðalskipulagið frá síðasta fundi nefndarinnar, þar á meðal viðræðum sínum við fulltrúa umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

Glóey Finnsdóttir lýsti drögum að greinargerð þar sem fjallað er um málsmeðferð Skipulagsstofnunar vegna aðalskipulags Keflavíkurflugvallar. Eitt meginatriði óeðlilegrar málsmeðferðar Skipulagsstofnunar er að stofnunin kom á síðustu stigum málsins, eftir auglýsingu og athugasemdafrest, fram með algjörlega ný atriði sem ekki höfðu verið til umfjöllunar áður milli skipulagsnefndarinnar og Skipulagsstofnunar.

Skipulagsnefndin samþykkti efni greinargerðarinnar sem er grunnur að mögulegri stjórnáskilningu eða að því að koma óánægju nefndarinnar um málsmeðferð á framfæri við umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

2. Kjóavöllur 4

Vísað er til bókunar á 66. fundi nefndarinnar þar sem samþykkt var að fram færi grenndarkynning vegna stækkunar byggingarreits að Kjóavöllum 4.

Engar athugasemdir bárust við grenndarkynningunni. Skipulagsnefndin samþykkti breytinguna á deiliskipulagi lóðarinnar.

3. **Vegur milli flughlaða - deiliskipulag**

Skipulagsfulltrúi kynnti tillögu að deiliskipulagi vegar milli flughlaða austur- og vestursvæðis. Skipulagsnefndin ræddi frágang geymslusvæðis sem er hluti skipulagstillögunnar. Var ákveðið að setja skilyrði um gerð jarðvegsmana umhverfis svæðið.

Aðflugs- og ljósabúnaður vegna flugbrauta er jafnframt hluti af skipulagstillögunni.

Skipulagsnefndin samþykkti að auglýsa deiliskipulagstillöguna í samræmi við ákvæði skipulagsreglugerðar þar um. Jafnframt verður tillagan kynnt nágrannasveitarfélögunum sérstaklega.

Glóey Finnsdótti lögfræðingur Isavia sat fundinn undir þessum lið.

4. **Háaleitishlað – deiliskipulag**

Skipulagsfulltrúi kynnti stöðu mála við vinnu við gerð deiliskipulags á Háaleitishlaði.

Umræður urðu um staðsetningu flugskýla, m.a. við flugskýli Landhelgisgæslunnar. Væntanlega þarf að endurskoða staðsetningu flugskýla á þessu svæði.

5. **Sveitarfélagið Garður – lýsing vegna breytinga á aðalskipulagi**

Undir þessum lið vék Einar Jón Pálsson fulltrúi Garðs í nefndinni af fundi.

Lagt var fram erindi skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Garðs, dags. 08.03 2017, þar sem lýst er tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðs og nær tillagan til eftirfarandi þátta:

- Breyting á landnotkun við Rósaselstorg
- Breyting á landnotkun við Garðvang
- Breyting á skilmálum hindrunarflata flugumferðar

Skipulagsnefndin vekur í þessu sambandi athygli á nálægð skipulagssvæðisins við Rósaselstorg við flugbraut. Ennfremur komu fram ábendingar um að heppilegt væri að vinna skipulag svæðisins með Reykjanesbæ, Sandgerði og skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar (Isavia).

6. **Umsögn til Skipulagsstofnunar um hvort flutningur 140.000 m³ efnis til landmótunar á Keflavíkurflugvelli skuli háður mati á umhverfisáhrifum**

Lagt var fram erindi Skipulagsstofnunar, dags. 21.03.2017, varðandi beiðni um umsögn um hvort flutningur 140.000 m³ efnis til landmótunar á öryggissvæðum flugbrauta á Keflavíkurflugvelli skuli háður mati á umhverfisáhrifum. Óskað var eftir umsögn skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 og 12. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Lögð var fram tillaga skipulagsfulltrúa að svari til Skipulagsstofnunar, dags. 31.03.2017, þar rökstutt er að skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar telji ekki líklegt að

umrædd framkvæmd hafi umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsnefndin samþykkti svarið og mun það verða sent Skipulagstofnun.

Rætt var um að sett verði skilyrði um sáningu svæðisins þegar umsókn hefur borist um og veitt verður framkvæmdaleyfi fyrir landmótuninni.

7. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður þann 03.05.2017.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx